

Nd.

**923. Frumvarp til laga**

[237. mál]

um lögglumenn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 503 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi.

Sýslumenn eru lögreglustjórar í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögreglustjórn í umdæmi sínu.

Ráðherra getur ákveðið, að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

3. gr. hljóðar svo:

Ráðherra ákveður tölu lögreglumanna í hverju umdæmi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. þó 3. mgr.

Ráðherra setur reglur um störf og starfssvið lögreglumanna og skipar þá í störf sín. Hann getur og sett reglur um starfsstig innan lögregluliðs.

Ekki má skipa í lögreglumannsstarf, nema fé hafi verið veitt til þess í fjárlögum, bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið umfram hið fasta lögreglulið, getur hann bætt við varalögglumönnum um afmarkaðan tíma. Varalögglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

13. gr. hljóðar svo:

Frá 1. janúar 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn mánaðarlegri endurgreiðslu úr ríkissjóði allt til 31. desember 1972, að kostnaðargreiðslur færast til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

Lögglumenn, sem verið hafa í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögglumaður, sem ekki kys þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslufélagsins með kjörum skv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans.

Sveitar- og sýslufélagi er óheimilt að gera breytingar á þeim samningi eða gera sérsamninga við lögreglumenn, enda fer um almennar breytingar á þeim kjarasamningum eftir reglum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Um mál þeirra lögreglumanna, sem ekki kjósa að gerast ríkisstarfsmenn fyrir 31. desember 1973, þegar gildistíma núgildandi kjarasamnings þeirra lýkur, skal farið eftir almennum reglum um niðurlagningu stöðu í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.